

Ísafirði 04.04.2023

HKL 005

Hafnarstjórn 240

Minnisblað vegna fyrirstöðugarðs.

Hafnarstjóri óskar eftir að gerður verði fyrirstöðugarður í beinu framhaldi af nýju stálþili Sundabakka.

Það verði gert til að hægt sé að staðsetja fastsetningar polla fyrir skip sem standa inn fyrir þilið.

Ástæðan fyrir því að þörf er á þessu er sú að upptökudokk var bætt við og lengdist kanturinn þá um 20 metra þannig að núverandi fyrirstöðugarður er orðinn í of mikilli fjarlægð frá skipunum. Hefði annars staðið ca. 20 metra í sömu línu inn fyrir þilið áður en hann fer að stefna frá kantinum, en eins og hann er í dag er hann kominn ca. 30 metra frá kantinum þar sem þilið endar.

Tvær tillögur eru af garðinum, önnur tillagan er með ca. 65 metra garð í sömu línu og þilið en hin tillagan er með ca. 140 metrar í sömu línu og þilið, áður en þeir beygja upp að landinu.

Einnig óskar hafnarstjóri eftir að gerður verði fyrirstöðugarður ca. 100 metra út frá Norðurtanga til að stöðva sandburð inn fyrir hann, sandurinn safnast fyrir og myndar rif út frá Mávagarði sem er farið að trufla innsiglingu skipa að Sundabakka. Nauðsynlegt er að fjarlægja rífið við fyrsta tækifæri.

Hilmar K Lyngmo

Hafnarstjóri